



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 24/2018

Auðkennið ORG

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 14. júlí 2018, barst Neytendastofu kvörtun frá ORG-Ættfræðiþjónustunnar ehf. vegna notkunar verslunarinnar ORG Reykjavík, í eigu Manna ehf., á vörumerkinu ORG.

Í erindinu er tiltekið af hálfu ORG-Ættfræðiþjónustunnar að vörumerkið ORG hafi verið notað af fyrirtækinu síðan 1999. Þá hafi fyrirtækið haft skráð vörumerki frá 5. nóvember 2004, sem með endurnýjun á skráningu sé enn í gildi, eða til 5. september 2024. Með erindinu fylgdi afrit af vörumerkinu.

Annað fyrirtæki, sem reki starfsemi sína í Kringlunni, starfi undir merkinu ORG Reykjavík. Bendi ORG-Ættfræðiþjónustan á að verslunin, eða réttara sagt nafn hennar, hafi valdið talsverðum óþægindum og vandræðum vegna póstsendinga og símhringinga sem komi ORG-Ættfræðiþjónustunni ekkert við og valdi ruglingi hjá neytendum og samborgurum.

ORG-Ættfræðiþjónustan hafi notað merkið ORG í áratugi og hafi haft skráð vörumerki frá árinu 2004. Krefjist ORG-Ættfræðiþjónustan þess, með tilvísun í framangreint, að ORG Reykjavík, sem hafi líklegast notast við nafn sitt síðan árið 2016, verði gert að breyta nafni sínu til þess að leysa málið. Ekki sé rétt að annað fyrirtæki noti nafn það sem ORG-Ættfræðiþjónustan hafi notað og valdi enn og aftur talsverðum misskilningi bæði frá neytendum og birgjum þeirra. ORG-Ættfræðiþjónustan bendi að lokum á að starfsemi ORG Reykjavík sé ORG-Ættfræðiþjónustunni óviðkomandi og öllu verra sé að fyrirtækið lendi í talsverðum vandræðum vegna nafns ORG Reykjavík.



II. Málsmeðferð

1.

Erindi ORG-Ættfræðipjónustunnar var sent Manna til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. júlí 2018. Í bréfinu benti Neytendastofa á að ákvæði 5. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, gætu átt við um erindið. Svar Manna, barst Neytendastofu með bréfi, dags. 25. júlí 2018. Í bréfinu er frá því greint að verslunin ORG Reykjavík hafi verið starfrækt frá því í september 2014 eða í rétt tæplega fjögur ár. Reksturinn hafi hafist á Laugavegi en verslunin sé nú staðsett í Kringlunni. Fyrirtækið hafi verið virkt á samfélagsmiðlum frá upphafi, bæði á Facebook og Instagram og hafi nú tæplega 12.000 fylgjendur á Facebook síðu sinni. Þá sé Manna með netverslun á www.orgreykjavik.is og hafi verið með lénið skráð hjá ISNIC frá 6. júlí 2015.

Manna bendi á að starfsemi ORG Reykjavík og ORG-Ættfræðipjónustunnar sé að öllu leyti svo ólík að ekki sé sanngjarnt að telja nokkra hættu á því að það valdi misskilningi fyrir neytendur. ORG Reykjavík sé lífstílsverslun sem leggi áherslu á að bjóða vörur, sem framleiddar hafi verið af virðingu við náttúru og fólk, þar sem sjálfbærni og siðferðisleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi. Verslunin bjóði fatnað, skó, jógavörur og ýmislegt fleira lífstílstengt. Þá hafi nafnið eina tengingu við enska orðið „*organic*“, en þar sé vísað til þess að verslunin leggi áherslu á að bjóða lífrænar vörur. Þá sé verslunin staðsett í Kringlunni sem sé þekkt verslunarmiðstöð meðal allra landsmanna. ORG-Ættfræðipjónustan sé samkvæmt skráningu hjá Einkaleyfastofu, ættfræðipjónusta og skráning í símaskrá sé „Ættfræðipjónustan ORG ehf.“ Nafnið sé þannig mjög lýsandi fyrir starfsemi fyrirtækisins. Fá Manna ekki séð að neytendur geti á nokkurn hátt skaðast með notkun Manna á nafninu ORG Reykjavík né að það geti valdið ORG-Ættfræðipjónustunni tjóni. Starfsemi aðila sé með öllu ólík, fyrirtækin ekki í samkeppni og engin skörun þar á milli. Í raun verði ekki séð að nokkur raunveruleg hættu geti verið á að þessu tvennu verði ruglað saman yfirhöfuð. Tiltekur Manna að frá upphafi megi telja símtöl á fingrum annarrar handa sem hafi borist frá aðilum sem hafi ætlað að hringja í ORG Ættfræðipjónustuna. Fjöldi manns hafi hringt í ORG Reykjavík sem hafi ætlað sér að hringja í Útilegumanninn þar sem símanúmer fyrirtækjanna séu svo lík, þannig að ýmislegt geti nú gerst. Þá hafi enginn aðili komið í verslunina og ætlað að hitta ættfræðipjónustuna, né hafi póstur til ættfræðipjónustunnar borist í verslunina. Að mati Manna verði að telja útilokað að ættfræðipjónustan hafi orðið af einhverju viðskiptum vegna ORG Reykjavík og mörg dæmi megi finna um skráningu vörumerkja með sama nafni þar sem um ólíkan rekstur sé að ræða. Megi þar nefna Geysir, Hekla, Loft, o.fl.

Eigandi ORG-Ættfræðipjónustunnar hafi hringt í verslunina skömmu eftir að hún hafi opnað og vakið athygli á því að hann væri með Ættfræðipjónustuna ORG. Eftir stutt spjall hafi þeir komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að reksturinn væri svo ólíkur að þetta væri ekki vandamál. Hafi engar athugasemdir verið gerðar frá þeim tíma og Manna því verið í góðri trú að byggja upp ORG Reykjavík. Manna þyki leitt ef ORG-Ættfræðipjónustan hafi orðið fyrir



ónæði og fyrirtækið sé reiðubúið til að breyta skráningu sinni í símaskrá þannig að framvegis verði tekið fram með enn skýrari hætti að um verslun sé að ræða. Einnig muni fyrirtækið ræða við pósthúsið að gæta sérstaklega að því að pósturinn rati á réttan stað en almennt sé póstur til fyrirtækisins merktur „Manna ehf.“

2.

Bréf Manna var sent ORG-Ættfræðiþjónustunnar til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 26. júlí 2018. Með bréfinu var aðilum málsins jafnframt tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að kvörtun ORG-Ættfræðiþjónustunnar ehf. yfir notkun Manna ehf. á auðkenninu ORG í heiti verslunarinnar ORG Reykjavík. ORG-Ættfræðiþjónustan hafi notað vörumerkið frá árinu 1999 og haft skráð vörumerki frá árinu 2004. Telji ORG-Ættfræðiþjónustan notkun Manna valdi ruglingi hjá neytendum auk þess sem það valdi ættfræðiþjónustunni óþægindum. Krefst ORG-Ættfræðiþjónustan þess að ORG Reykjavík verði gert að breyta nafni sínu. Starfsemi þeirra komi ættfræðiþjónustunni ekki við og er þess óskað að Neytendastofa bregðist við. Manna hefur bent á að starfsemi aðila sé ólík, fyrirtækin séu ekki í samkeppni og engin skörun sé þar á milli. Ekki verði séð að raunveruleg hættu geti verið á að auðkenninum verði ruglað saman.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki,



lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. málsli. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Þá skiptir máli hversu lík viðkomandi auðkenni eru, en þau líkindi hafa síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna má vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Því líkari sem auðkenni eru, því minni kröfur eru gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna, og öfugt. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Að sögn ORG-Ættfræðiþjónustunnar hefur félagið notað vörumerkið ORG frá árinu 1999. Vörumerkið ORG var skráð sem orðmerki hjá Einkaleyfastofu á árinu 2004, sbr. skráningu nr. 906/2004 í vöru- og þjónustuflokk 45, og tilgreint sem ættfræðiþjónusta. Þá hefur ORG-Ættfræðiþjónustan einnig átt skráð lénið orgehf.is hjá ISNIC frá árinu 2015. Orðmerkið ORG sem ORG-Ættfræðiþjónustan hefur fengið skráð hjá Einkaleyfastofu felur að mati Neytendastofu í sér nægilegt sérkenni til þess að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Manna virðast hafa notað auðkennið ORG Reykjavík í rekstri sínum og auglýsingum frá því að verslunin opnaði eða frá því í september 2014. Þá hefur félagið haft skráð lénið orgreykjavik.is hjá ISNIC frá 6. júlí 2015 og notað það í tengslum við rekstur verslunarinnar með einum eða öðrum hætti frá byrjun árs 2016. Með framangreint í huga ber að meta hvort notkun Manna á auðkenninu ORG, fyrir verslunina ORG Reykjavík, feli í sér ruglingshættu við auðkenni ORG-Ættfræðiþjónustunnar samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Auðkenni ORG Reykjavík samanstendur af tveimur orðum. Hið fyrra orð, sem ágreiningur þessi lýtur að, er hið sama og auðkenni ORG Ættfræðiþjónustu en ORG er skráð orðmerki af hálfu Ættfræðiþjónustunnar líkt og fram hefur komið.



Neytendastofa telur að þrátt fyrir notkun á sama orðmerkinu, þ.e. ORG sem fyrra nafn auðkenna fyrirtækjanna þá eru myndmerki fyrirtækjanna talsvert ólíkt stílfærð. Merki ORG-Ættfræðipjónustunnar er brúnt á ljósbrúnum fleti með breiðum stílfærðum hástöfum. Merki Manna er hins vegar svart og grásprengt á hvítum fleti með annarskonar stílfærðum hástöfum sem eru ekki jafn breiðir.

Í erindi ORG-Ættfræðipjónustunnar er því haldið fram að fyrirtæki Manna, ORG Reykjavík valdi Ættfræðipjónustunni óþægindum og vandræðum vegna póstsendinga og símhringinga sem ætlaðar séu ORG Reykjavík og valdi ruglingi hjá neytendum. Neytendastofa telur að líta verði til þess að mikið greinir á milli reksturs fyrirtækjanna. ORG Reykjavík er lífstílstengd verslun sem selur meðal annars lífrænar vörur á meðan ORG-Ættfræðistofa sérhæfir sig í ættrakningu og söfnun ættfræðigagna. Fyrirtækin eru ekki keppinautar og starfa ekki á sama markaði auk þess sem vöru- og þjónustuflokkur hins skráða orðmerkis ORG, í eigu Ættfræðipjónustunnar, er skráð í flokk nr. 45 og er tilgreind sérstaklega sem ættfræðipjónusta. Þá er tilgangur með rekstri aðilanna er ekki hinn sami og því miða þeir ekki að sama markhópi. Fær Neytendastofa því ekki séð að slíkur ruglingur sé þess eðlis að neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangan aðila. Að mati Neytendastofu verður ennfremur að horfa til síðari orða beggja fyrirtækja við mat á ruglingshættu, þ.e.a.s. Reykjavík og Ættfræðipjónustan en engin samlíking er með síðari hluta auðkennanna eða tengingu að finna þar á milli sem gæti valdið ruglingi. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir í gögnum málsins sem rennt gæti stoðum undir að ruglingshætta sé fyrir hendi.

Með hliðsjón af framangreindu telur Neytendastofa að líkindi séu ekki með auðkennum ORG-Ættfræðipjónustunnar ehf. og auðkenni Manna ehf. þannig að valdið geti ruglingi í skilningi ákvæðis 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Með vísan til ofangreinds er það því mat Neytendastofu að Manna hafi ekki brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með notkun auðkennisins ORG Reykjavík.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 31. ágúst. 2018

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir